

Skeljungur: Árshlutauppgjör – fyrsti ársfjórðungur 2017

Helstu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs 2017

- Hagnaður á hlut var 0,12 en var 0,10 á sama tímabili í fyrra.
- Aukin sala í öllum flokkum eldsneytis, þ.e. til bifreiða, skipa og flugvéla.
- Meðalgengi dönsku krónunnar var 16,0 íslenskar krónur, sem er 15,6% lækkun frá sama tímabili árið 2016.
- Framlegð nam 1.660 m.kr. og eykst um 0,6% frá fyrsta ársfjórðungi 2016.
- EBITDA hagnaður nam 627 m.kr. sem er 6,2% aukning frá sama tímabili ársins 2016.
- EBITDA framlegð var 37,8% miðað við 35,8% á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður eftir skatta nam 255 m.kr. samanborið við 241 m.kr. sem er 5,9% aukning milli ára.
- Uppreiknuð arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 14,8% samanborið við 13,3% yfir sama tímabil árið 2016.
- Eigið fé þann 31.3. nam 7.417 m.kr. og eiginfjárlutfall var 37,8% í ársfjórðungslök.

Lykiltölur

	Q1 2017	Q1 2016	Var	Var%
Framlegð	1.660	1.650	10	0,6%
EBITDA	627	590	37	6,3%
EBIT	437	412	25	6,1%
Hagnaður	255	241	14	5,8%
Launakostn./framlegð	28,8%	30,7%	-1,9%	
Sölu og dreif.kostn./framlegð	26,3%	26,6%	-0,3%	
Rekstrarkostnaður/framlegð	63,8%	65,7%	-1,9%	
Arðsemi eigin fjár	14,8%	13,3%	1,5%	

Horfur fyrir árið 2017

Áfram er gert ráð fyrir að hagfelld skilyrði verði á mörkuðum félagsins miðað við spár greiningaraðila, sem gera ráð fyrir áframhaldandi hagvexti og fjölgun ferðamanna. Í afkomuspá félagsins er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Styrking íslensku krónunnar mun áfram hafa áhrif á rekstrarniðurstöður félagsins, sér í lagi gagnvart dönsku krónunni, vegna erlends hluta starfseminnar. Bent er á að við umreikning reikningsskila er notast við meðalgengi innan ársins. Á árinu 2016 var meðalgengi DKK/ISK 17,94. Áætlanir félagsins miða við meðalgengi DKK/ISK 16,7. Þá er gert ráð fyrir samningsbundnum launahækkunum auk þess sem horft er til innkomu nýrra aðila á markað.

Félagið gerir ekki breytingar á áætlunum sem kynntar voru í aðdraganda skráningar og í tengslum við aðalfund og reiknar með að EBITDA ársins verði á bilinu 2.400 – 2.700 m.kr. og fjárfestingar liggi á bilinu 750 – 850 m.kr.

Árshlutareikningur fyrsta ársfjórðungs 2017

Árshlutareikningur Skeljungs hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2017 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 8. maí 2017.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Valgeir M. Baldursson, forstjóri Skeljungs:

„Fyrsti fjórðungur ársins er í takt við væntingar og á heildina litið erum við ánægð með frammistöðuna. Styrking íslensku krónunnar hefur neikvæð áhrif á afkomu starfsemi okkar í Færeyjum en báðar rekstrareiningar eru að bæta sig á milli ára. Áfram er mikil eftirspurn og hefur fjölgun ferðamanna auk umsvifa í samfélaginu þar mest áhrif. Endurfjármögnun samstæðunnar er stórt skref og mun hafa veruleg fjárhagsleg áhrif eins og áður hefur verið kynnt. Markaðshlutdeild félagsins á íslenskum eldsneytismarkaði eykst í öllum flokkum; til bifreiða, skipa og flugvéla. Áform Costco eru að hefja sölu eldsneytis á öðrum ársfjórðungi og hefur samningur verið undirritaður milli Skeljungs og Costco um sölu og dreifingu á eldsneyti.

Uppbygging rafinnviða er hafin og stóð Skeljungur fyrir ráðstefnu um vistvæna orkugjafa í samstarfi við Íslenska Nýorku, Toyota, Hyundai og Evrópusambandið. Skeljungur stefnir að því að vera leiðandi í þeim umbreytingum sem framundan eru á næsta áratug í vistvænum orkugjöfum.“

Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur vegna fyrsta árshlutauppgjörs félagsins verður haldinn á Nordica Hilton Reykjavík, fundarsal D, þriðjudaginn 9. maí 2017. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Þar munu stjórnendur félagsins fara yfir uppgjör og horfur.

Allt efni fundarins verður gert aðgengilegt fjárfestum á heimasíðu Skeljungs, www.skeljungur.is/fjarfestar, sem og á fréttasíðu Nasdaq Iceland.

Fjárhagsdagatal 2017

Uppgjör 2F 2017 - 28. ágúst 2017

Uppgjör 3F 2017 - 30. október 2017

Nánari upplýsingar veitir Valgeir M. Baldursson, forstjóri, s: 840-3022, tölvupóstfang: fjarfestar@skeljungur.is.